

Fjármálareikningar: Fjáreignir og skuldir 2003–2011

Financial Accounts: Stocks 2003–2011

Samantekt Samkvæmt niðurstöðum fjármálareikninga námu heildarfjáreignir innlendra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins 21.301 milljarði króna í árslok 2011 en fjárskuldbindingar voru 30.544 milljarðar króna á sama tíma.

Fjáreignir heimila og félagasamtaka námu 3.080 milljörðum króna í árslok 2011 og voru fjárskuldbindingar þeirra 1.692 milljarðar króna á sama tíma. Hreinar fjáreignir heimila og félagasamtaka jukust um 7,5% á milli 2010 og 2011 og stóðu í 1.388 milljörðum króna í árslok 2011. Sem hlutfall af landsframleiðslu hafa þær aukist hægt og bitandi eftir hrun bankanna árið 2008 og voru 85,1% í lok árs 2011. Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja jukust um 7,4% á milli 2010 og 2011 á sama tíma og fjárskuldbindingar jukust um 4,5%. Hreinar fjáreignir fyrirtækja voru neikvæðar um 2.691 milljarð króna í lok árs 2011.

Hreinar fjáreignir fjármálafyrirtækja voru neikvæðar um 7.040 milljarða króna í árslok 2011 séu fjármálafyrirtæki í slitameðferð meðtalin, og hafði þó staða þeirra batnað um 857 milljarða króna á milli ára eða um 10,9%. Þá voru hreinar fjáreignir hins opinbera og undirgeira þess neikvæðar um 901 milljarð króna í árslok 2011 og hafði staðan versnað um 21% frá fyrra ári.

Fjáreignir erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins námu 13.692 milljörðum króna í árslok 2011. Hreinar fjáreignir erlendra aðila á Íslandi voru í árslok 2011 9.343 milljarðar króna og höfðu rýrnað um 7,4% frá fyrra ári.

Inngangur

Hagstofa Íslands gefur nú út í fyrsta sinn fjármálareikninga fyrir Ísland. Gögn yfir fjármálareikninga hafa áður verið birt fyrir hið opinbera og undirgeira þess (ríkið, sveitarfélög og almannatryggingar) og fyrir fjármálafyrirtæki en þessi útgáfa er sú fyrsta sem nær til stofnstærða fjáreigna og fjárskuldbindinga allra efnahagsgeira íslenska hagkerfisins. Tímaraðirnar ná yfir árin 2003–2011.¹ Niðurstöður eru birtar á verðlagi hvers árs en ekki sem samstæður (e. *consolidated*). Hagstofan áformar, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar, að gefa fjármálareikninga út árlega. Hafa ber í huga að tölur um lán eru á bókfærðu virði eins og það kemur fyrir í efnahagsreikningum innlánsstofnana.

¹ Nálsgast má fjármálareikninga aftur til ársins 2003 á vefsvæði Hagstofunnar. Í viðauka aftan við heftið má sjá tölur sem sýna tímaraðir fjármálareikninga frá 2006–2011.


Fjáreignir íslenska hagkerfisins

Heildarfjáreignir innlendra aðila íslenska hagkerfisins námu 21.301 milljarði króna í árslok 2011 og höfðu aukist sem nemur 1.225 milljörðum króna frá 2010. Heildarfjárskuldbindingar voru 30.544 milljarðar króna á sama tíma og höfðu aukist um 403 milljarða króna frá 2010. Þá voru hreinar fjáreignir² (e. *financial net worth*) innlendra aðila neikvæðar um 9.244 milljarða króna í árslok 2011, en vegur þar þyngst neikvæð staða gömlu viðskiptabankanna.

Íslenska hagkerfinu má skipta í tvo hluta, annars vegar innlenda geira og erlenda aðila (e. *Rest of the World*) sem eiga fjáreignir eða fjárskuldbindingar í íslenska hagkerfinu. Á mynd 1 má sjá hreinar fjáreignir innlendra geira og erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins. Nánar er fjallað um fjáreignir og -skuldbindingar erlenda aðila á Íslandi hér að neðan.

Mynd 1. Hreinar fjáreignir innlendra og erlendra aðila innan íslenska hagkerfisins

Figure 1. *Financial net worth of domestic sectors and the RoW within the Icelandic economy*



Heimili og félagasamtök

Fjáreignir heimila og félagasamtaka jukust um 196 milljarða króna á milli 2010–2011 eða um 6,8% og voru 3.080 milljarðar króna í árslok 2011. Samtals námu váttryggingaeignir heimila og félagasamtaka (kröfur á tryggingafélög og lífeyrisréttindi) ríflega 2.147 milljörðum króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 192 milljarða frá fyrra ári. Þá nam váttryggingaeign 70% af heildarfjáreignum heimila og félagasamtaka árið 2011 og hefur það hlutfall vaxið jafnt og þétt frá 2007.

Eftir mikinn vöxt sjóða- og innistæðueigna árin fyrir hrun bankanna, hafa þær dregist saman frá árinu 2008, eða um 16,7% til ársloka 2011. Sjóða- og innistæðueignir heimila og félagasamtaka voru 652 milljarðar í lok árs 2011 eða um 21% af heildarfjáreignum þeirra. Hlutfjáreign heimilanna jókst hratt frá árinu 2003 til 2007 og var 14,2% af heildarfjáreign þeirra í árslok 2007. Hún hrundi árið 2008 og


² Hreinar fjáreignir (e. *financial net worth*) jafngilda ekki hreinni eign þar eð fjáreignir ná ekki til fastra fjármuna eins og fasteigna o.þ.h. Hér er einungis átt við mismuninn á milli fjáreigna og fjárskuldbindinga.

þrátt fyrir aukningu síðustu ár var hún aðeins 4,4% af heildarfjáreignum í lok ársins 2011.

Hlutfall fjáreigna heimila og félagasamtaka af vergri landsframleiðslu (VLF) dróst saman árið 2008. Var hlutfallið hæst árið 2007 eða 220% en tæplega 189% í lok árs 2011.

Mynd 2. Fjáreignir heimila og félagasamtaka

Figure 2. Financial assets of households and NPISHs




Verðbréfa- og lánaskuldir heimila og félagasamtaka jukust á milli 2010–2011 um 7,8%

Fjárskuldbindingar heimila og félagasamtaka skiptast í verðbréf og lán og aðrar viðskiptaskuldir. Fjárskuldbindingar voru 1.692 milljarðar króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 6,3% frá fyrra ári. Aukninguna má rekja til vaxandi lánaskulda sem stóðu í 1.651 milljarði króna í árslok, eða sem nam 7,8% aukningu frá fyrra ári. Ætla má að verðhækkningar skýri aukningu lánaskulda að einhverju leyti. Á sama tíma drógust aðrar viðskiptaskuldir saman um 32,8%. Hlutfall fjárskuldbindinga af VLF var um 104% í árslok 2011 en var ríflega 120% í árslok 2007.

Mynd 3. Fjárskuldbindingar heimila og félagasamtaka

Figure 3. Financial liabilities of households and NPISHs




Hreinar fjáreignir heimila og félagsamtaka voru 1.388 ma. kr. í árslok 2011

Hreinar fjáreignir heimila og félagsamtaka námu 1.388 milljörðum króna í árslok 2011 og jukust um 97 milljarða eða 7,5% frá fyrra ári. Hlutfall hreinna fjáreigna þeirra af VLF í árslok 2011 nam 85,1% en var hæst árið 2007 eða 99,7%.

Mynd 4. Hreinar fjáreignir heimila og félagsamtaka

Figure 4. Financial net worth of households and NPISHs



Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki


Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja jukust um 391 ma. kr. á milli 2010–2011

Fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja námu 5.679 milljörðum króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 391 milljarð króna á milli 2010–2011. Hlutabréfaeignir og annað eigið fé jókst um 8% frá 2010 og stóð í 2.070 milljörðum í árslok 2011. Verðbréfaeignir og veitt lán jukust um 22% á milli 2010–2011 og stóðu í 2.288 milljörðum króna í árslok 2011. Þá gildnuðu sjóða- og innistæðueignir fyrirtækja um 10% og staðan var í árslok 579 milljarðar króna. Aðrar viðskiptakröfur lækkuðu um 24% frá árinu 2010 og voru 722 milljarðar í árslok 2011. Hlutfall fjáreigna fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja af VLF lækkaði ört frá 2007 og var 348% í árslok 2011 en var hæst 765% í árslok 2007.

Fjárskuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja drógust saman frá ársbyrjun 2008 til ársloka 2010. Fjárskuldbindingar jukust aftur á milli 2010–2011 um 4,5% og stóðu í 8.371 milljarði króna í árslok. Fjárskuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja samanstanda af þremur þáttum. Verðbréfaútgáfa og lánaskuldir voru 5.368 milljarðar króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 5% frá fyrra ári. Á sama tíma voru skuldir vegna hlutabréfaútgáfu og eigin fjár 2.189 milljarðar og jukust þær um 14,6% frá 2010. Aðrar viðskiptaskuldir drógust saman um 17,7% og námu 814 milljörðum króna í lok árs 2011. Hlutfall fjárskuldbindinga fyrirtækjanna af VLF hækkaði ört fyrir fall fjármálakerfisins og stóð hæst í tæplega 1.020% árið 2007. Í árslok 2011 var hlutfallið um 513%.

Mynd 5. Fjárskuldbindingar fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 5. Financial liabilities of non-financial corporations




Hreinar fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja voru neikvæðar í lok árs 2011 um 2.691 ma. kr.

Þá voru hreinar fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja neikvæðar um 2.691 milljarð króna í lok árs 2011 og höfðu hækkað lítillega frá fyrra ári eða um 1%.

Mynd 6. Hreinar fjáreignir fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja

Figure 6. Financial net worth of non-financial corporations




Fjármálafyrirtæki

Heildarfjáreignir fjármálafyrirtækja og undirgeira voru 11.247 milljarðar króna í árslok 2011 og jukust um 5,1% frá fyrra ári eða sem nemur 549 milljörðum. Á sama tíma voru fjárskuldbindingar 18.286 milljarðar króna og höfðu dregist saman um 1,7% frá 2010 eða um 308 milljarða.

Mynd 7. Fjárskuldbindingar fjármálfyrirtækja

Figure 7. Financial liabilities of financial corporations




Hreinar fjáreignir fjármálfyrirtækja voru neikvæðar í árslok 2011 um 7.040 milljarða króna.

Hreinar fjáreignir fjármálfyrirtækja voru neikvæðar um 7.040 milljarða króna í árslok 2011, séu fjármálfyrirtæki í slitameðferð meðtalin. Neikvæð staða fyrra árs var um 7.897 milljarðar króna og því lækkuðu skuldir umfram eignir um 10,9% eða um 857 milljarða á milli ára. Á mynd 8 má greinilega sjá straumhvörf (e. *structural breaks*) við fall viðskiptabankanna árið 2008 og upphaf fjármálakreppunnar. Gömlu viðskiptabankarnir flokkast sem fjármálfyrirtæki í slitameðferð frá 2008 og eru gögn fyrir þann geira birt sérstaklega.

Mynd 8. Hreinar fjáreignir fjármálfyrirtækja

Figure 8. Financial net worth of financial corporations



Fjáreignir Seðlabankans námu 1.581 milljarði króna í árslok 2011. Þar af töldu gullforði Seðlabankans og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ríflega 99 milljarða króna, sem er umtalsvert hærra en árin áður. Á sama tíma námu fjárskuldbindingar Seðlabankans 1.480 milljörðum króna. Hreinar fjáreignir bankans voru jákvæðar um 101 milljarð króna í árslok 2011.

Fjáreignir innlánsstofnana (nýju viðskiptabankarnir) voru 2.892 milljarðar króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 4,9% frá fyrra ári eða um 135 milljarða. Mest jukust sjóða- og innistæðueignir bankanna, eða um 8,8% á milli 2010–2011 og voru 230 milljarðar króna í árslok 2011. Á sama tíma hækkðu verðbréfaeign og veitt lán um 3,5% og var staða þeirra tæplega 2.406 milljarðar króna í árslok. Þá jukust hlutabréfaeign bankanna og eigið fé um 47,9% og námu 175 milljörðum í lok árs 2011.

Fjárskuldbindingar innlánsstofnana námu 2.915 milljörðum króna við lok 2011 og höfðu aukist um 152 milljarða króna frá fyrra ári eða um 5,5%. Þá minnkuðu skuldbindingar bankanna vegna sjóða- og innistæðna um 34 milljarða króna eða 2% á milli 2010–2011 og stóðu í 1.728 milljörðum í árslok 2011. Verðbréfa- og lánaskuldir bankanna jukust um 28,7% á sama tíma og stóðu í 673 milljörðum við lok árs. Þá voru hreinar fjáreignir innlánsstofnana neikvæðar um 23 milljarða króna í árslok 2011 og höfðu lækkað frá fyrra ári um 16 milljarða.

Dregið hefur úr umsvifum fjármálafyrirtækja í slitameðferð sé litið til fjáreigna og fjárskuldbindinga

Dregið hefur úr umsvifum fjármálafyrirtækja í slitameðferð þegar litið er á fjáreignir og -skuldbindingar þeirra á milli 2009–2011. Staða hreinna fjáreigna þeirra batnaði um 914 milljarða króna á milli 2010–2011 en var þó enn neikvæð sem nam 7.686 milljörðum króna í árslok 2011. Hreinar fjáreignir annarra fjármálastofnana voru jákvæðar um 148 milljarða króna og höfðu rýnað um 67 milljarða á milli 2010–2011.

Að lokum má minnst á að fjáreignir váttryggingafélaga og lífeyrissjóða voru 2.313 milljarðar króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 8% frá fyrra ári. Á sama tíma stóð verðbréfaeign þeirra og veitt lán í 1.402 milljörðum króna. Þá jukust fjárskuldbindingar um 9,2% og voru 1.894 milljarðar króna í lok árs 2011. Váttryggingaskuldir tryggingafélaga og lífeyrissjóða stóðu í 1.753 milljörðum króna í árslok 2011 og höfðu aukist um 10% frá fyrra ári og hafa hækkað stöðugt frá 2003 að frátöldu árinu 2008. Hreinar fjáreignir váttryggingafélaga og lífeyrissjóða jukust um 2,8% á milli 2010–2011 og voru jákvæðar um tæplega 420 milljarða króna í árslok 2011.

Hið opinbera og undirgeirar þess


Fjáreignir hins opinbera námu samkvæmt fjármálareikningum 1.295 milljörðum króna³ í árslok 2011 og höfðu aukist um 7,3% frá fyrra ári eða um 88 milljarða. Lánveitingar námu rúmum 178 milljörðum króna og höfðu dregist saman um tæplega 35% frá fyrra ári. Þá jukust sjóða- og innistæðueignir um 56% á milli 2010–2011 og stóðu í ríflega 568 milljörðum í árslok. Hlutabréfaeign og eigið fé stóðu í 368 milljörðum króna á sama tíma. Fjárskuldbindingar hins opinbera voru 2.196 milljarðar króna í árslok 2011 og jukust um 12,7% frá fyrra ári. Lánaskuldir hækkðu um 19,4% á milli 2010–2011 og voru 893 milljarðar króna í árslok. Af öðrum fjárskuldbindingum hins opinbera skal nefna að verðbréfaskuldir jukust um 9,2% á milli 2010–2011 og stóðu í 789 milljörðum í árslok 2011. Á sama tíma hækkðu váttryggingaskuldir um 8,8% og aðrar viðskiptaskuldir um 2,7%.

Hreinar fjáreignir hins opinbera voru neikvæðar um tæpan 901 milljarð króna í lok árs 2011 og höfðu rýnað sem nemur 21,4% frá fyrra ári. Þá hefur hlutfall hreinna fjáreigna hins opinbera af VLF farið lökkandi frá árinu 2007.

³ Eins og áður hefur komið fram eru niðurstöður fjármálareikninga ekki birtar sem samstæður (e. *consolidated*).

Mynd 9. Hreinar fjáreignir hins opinbera

Figure 9. Financial net worth of the General Government



Hreinar fjáreignir ríkisins voru neikvæðar um 780 milljarða króna í árslok 2011

Hreinar fjáreignir ríkisins lækkuðu um 20% á milli 2010–2011 og voru neikvæðar um rúma 780 milljarða króna í lok árs 2011. Fjáreignir voru 1.140 milljarðar króna í lok árs 2011 og hækkuðu um 9,2% frá lok árs 2010. Ber þá helst að nefna að sjóða- og innistæðueignir ríkisins jukust um 68,1% á milli 2010–2011 og voru 534 milljarðar í lok árs. Veitt lán minnkuðu um 40,3% á sama tíma og stóðu í 148 milljörðum. Þá rýrnaði hlutabréfaeign ríkisins um 3,2% og stóð í 332 milljörðum króna. Fjárskuldbindingar ríkisins voru tæplega 1.921 milljarður króna í lok árs 2011 og höfðu aukist um 13,4% á milli ára. Þá fór mest fyrir aukningu á lána-skuldum sem jukust um 20,5% frá fyrra ári og stóðu í 683 milljörðum í árslok. Þá hækkuðu einnig verðbréfaskuldir um 9,2% og váttryggingaskuldir um 8% en aðrar viðskiptaskuldir um 27%.

Hreinar fjáreignir sveitarfélaga minnkuðu um 37,1% á milli 2010–2011 og voru neikvæðar um ríflega 129 milljarða króna í árslok 2011. Fjáreignir voru nánast óbreyttar á milli áronna og stóðu í 131 milljarði króna samanborið við 130 milljarða 2010 en fjárskuldbindingar jukust um 16% á sama tíma og voru 261 milljarður króna í lok árs 2011. Þá jukust hreinar fjáreignir almannatrygginga um rúma 6 milljarða króna og stóðu í um 9 milljörðum króna í árslok 2011. Það þýðir 223% aukningu á milli ára en í þrjú ár þar á undan höfðu hreinar fjáreignir almannatrygginga rýrnað.

Útlönd

Hreinar fjáreignir erlendra aðila á Íslandi minnkuðu á milli áronna 2010–2011 og stóðu í 9.343 milljörðum kr. í árslok 2011

Fjáreignir erlendra aðila á Íslandi jukust hratt frá 2003 til 2009. Síðan þá hafa fjáreignir erlendra aðila hér innanlands farið minnkandi. Fjáreignir þeirra stóðu í 13.692 milljörðum króna í lok árs 2011 og höfðu dregist saman um 3,5% frá fyrra ári eða um 491 milljarð króna. Þar af rýrnuðu sjóðir og innistæður erlendra aðila á milli 2010–2011 um 23%. Langstærsta fjáreign erlendra aðila á Íslandi er í fjárskuldbindingum fjármálafyrirtækja í slitameðferð frá árinu 2008. Verðbréfaeignir erlendra aðila og lán námu 11.933 milljörðum króna í árslok 2011.

Fjárskuldbindingar erlendra aðila gagnvart íslenska hagkerfinu jukust um 6,2% á milli áronna 2010–2011 og voru ríflega 4.348 milljarðar króna í árslok 2011. Vögu þar þyngst skuldbindingar vegna sjóða- og innistæðueigna sem jukust um 13% á

milli 2010–2011 og námu 1.046 milljörðum króna í árslok 2011. Þá námu verðbréfaskuldir og lán 1.872 milljörðum króna og hlutabréfaskuldir og annað eigið fé 1.394 milljörðum króna á sama tíma. Hreinar fjáreignir erlendra aðila á Íslandi voru 9.343 milljarðar króna í árslok 2011 og höfðu minnkað um 746 milljarða frá árslokum 2010. Hreinar fjáreignir erlendra aðila á Íslandi voru um 572,5% af VLF í lok árs 2011.

Bakgrunnur

Fjármálareikningar sýna fjáreignir og fjárskuldbindingar viðkomandi lands, sem stofnstærðir (*e. stocks*) og fjármagnsstreymi (*e. transactions*). Við uppgjör fjármálareikninga er eign eins geira færð sem skuld hjá öðrum geirum.⁴ Fjármálareikningar sýna fjármögnun geiranna á eigin rekstri eða annarra og gefa innsýn í fjármálagerninga sem notaðir eru.

Fjármálareikningarnir fylgja alþjóðlegum stöðlum um gerð þjóðhagsreikninga, nánar tiltekið ESA 95 sem er útfærsla Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat, á hinum alþjóðlega þjóðhagsreikningastaðli SNA 1993. Stefnt er að því að innleiða nýjan þjóðhagsreikningastaðal, ESA 2010 (evrópska útgáfan af alþjóðastaðlinum SNA 2008), árið 2014. Nýi staðallinn mun hafa nokkur áhrif á núverandi kerfi fjármálareikninga, en breytingarnar eru til dæmis ítarlegri sundurliðun á efnahagsgeirum og fjármálagerningum, auk áætlana um ytri og innri breytingar stofnstærða sem ná til fjármagnsstreymis, annarra magnbreytinga (*e. other volume changes*) og endurmats (*e. revaluation*).

Hagstofa Íslands fékk þriggja ára styrk, sem nær til ársins 2015, í gegnum IPA-fjölbáttaáætlun (*e. Instrument for multibeneficiary Pre-Accession Assistance*) Evrópusambandsins meðal annars til að þróa fjármálareikninga og koma því verkefni í góðan farveg.

Vinnsla reikninganna

Í maí 2010 gerðu Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands samkomulag um gerð fjármálareikninga og þá hófst hin eiginlega vinnsla reikninganna. Í samkomulaginu var ábyrgð stofnananna á einstökum þáttum verkefnisins skilgreind. Hagstofan sér um öflun og úrvinnslu gagna vegna fjögurra geira sem eru: 1) Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki, 2) Hið opinbera og undirgeirar þess, 3) Heimili og félagasamtök (*e. Non-profit institutions serving households*). Seðlabankinn sér um: 4) Fjármálafyrirtæki og undirgeira þeirra og 5) Útlönd. Þá er lokafrágangur og afstemming reikninganna á ábyrgð Hagstofunnar.

Undirbúningsvinna vegna innleiðingar á nýjum þjóðhagsreikningastaðli, ESA 2010, er þegar hafin og mun krefjast áframhaldandi góðs samstarfs á milli Hagstofunnar og Seðlabankans.

Aðferðafræði

Fjármálareikningarnir eru flokkaðir í þátttakendur á fjármálamarkaði (efnahagsgeira) og fjármálagerninga. Flokkun fjármálagerninga er háð greiðslufærni eða

⁴ Undantekning frá þessu er þó Gullforði Seðlabankans og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Samstarf Hagstofunnar og
Seðlabankans

Fjármálareikningar tilheyra deild
þjóðhagsreikninga og opinberra
fjármála

seljanleika og öðrum lögformlegum einkennum þeirra. Samkvæmt ESA 95 þjóðhagsreikningastaðlinum eru gerningarnir sjö:


- Fjármálagerningar*
- AF.1 Gull og sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (e. *Monetary Gold & Special Drawing Rights, SDRs*)
 - AF.2 Sjóðir og innistæður (e. *Currency and Deposits*)
 - AF.3 Verðbréfaeign/-útgáfa önnur en hlutfé (e. *Securities other than Shares*)
 - AF.4 Útlán/lántaka (e. *Loans*)
 - AF.5 Hlutabréfaeign og annað eigið fé (e. *Shares and other Equity*)
 - AF.6 Vátryggingaeign/-skuld (e. *Insurance Technical Reserves*), þ.m.t. lífeyrisréttindi.
 - AF.7 Aðrar viðskiptakröfur/-skuldir (e. *Other Accounts Receivable/Payable*)

Efnahagsgeirar í þjóðhagsreikningum

Íslenska hagkerfinu er skipt í fimm yfirgeira og átta undirgeira en fjórtándi flokkurinn útlönd nær yfir alla erlenda aðila. Þessa yfir- og undirgeira má sjá á eftirfarandi mynd.

Mynd 10. Geiraskipting í þjóðhagsreikningum

Figure 10. Institutional sectors in national accounts



Verðmat fjármálagerninga

Virði fjármálagerninga getur verið breytilegt eftir eðli þeirra. Fjármagnshreyfingar eru færðar á markaðsvirði í efnahagsreikning, eða á gengi þess dags sem færslan verður til og á sér stað á milli geira. Þegar markaðsverð er ekki fyrir hendi þarf að beita nálgunum sem eiga að endurspeglar verð fjármálagernings í viðskiptum á markaði. Oftast er stuðst við verðskráningar í tímum viðskiptum með sambærilega gerninga. Þegar fjármálagerningar sem sjaldan er verslað með eru verðmetnar eru ýmsar reikniforsendur notaðar til að nálgast markaðsvirði.

Einstaka fjármálagerningar eru færðir á nafnvirði sem nær til eftirstöðva auk áfallinna vaxta og verðbóta. Virði fjármálagerninga sem upphaflega eru skráðir í erlendri mynt þarf að færa yfir í íslenskar krónur á markaðsgengi þess dags sem efnahagsreikningurinn er miðaður við. Nafnvirði fjármálagerninga í erlendum gjaldmiðli sýnir hagnað eða tap vegna gengisbreytinga.

Virði gullforða (F.11) Seðlabankans er metið á almennum gullmörkuðum og því er gull skráð á markaðsvirði. Sérstök dráttarréttindi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (F.12) er metið daglega miðað við gengi SDR í innlendum gjaldmiðli sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn birtir. Sjóðir og innistæður (F.2) eru færð á nafnvirði. Verðbréf (F.3) eru færð á markaðsvirði. Lán (F.4) eru almennt færð á nafnvirði en markaðsvirði lána getur þó sveiflast eftir tegund lánanna, t.d. líftíma. Afskriftir og verðbreytingar geta einnig haft áhrif og þarf því að meta hvert tilvik sérstaklega.

Verðmat á hlutabréfum og eigin fé (F.5) er vandasamt þar sem íslenskur hlutabréfamarkaður er mjög lítill í alþjóðlegum samanburði og fá fyrirtæki skráð í kauphöllina. Við mat á heildarhlutafé í íslenska hagkerfinu, skráðra og óskráðra hlutabréfa sem og á öðru eigin fé, er hrein staða fyrirtækja (fjáreignir og fastafjármunir að frádregnum skuldum öðrum en eigið fé) notuð. Heimildir um efnahagsreikning fyrirtækja annarra en fjármálafyrirtækja eru úr skattframtölum frá Ríkisskattstjóra (RSK). Gögn vegna fjármálafyrirtækja eru frá Seðlabankanum en fjármálafyrirtæki senda bankanum efnahagsreikninga mánaðarlega. Hlutafé og annað eigið fé hefur verið meðhöndlað líkt og óskráð hlutabréf sem gefin eru út af fyrirtækjum hér innanlands. Gögn um eigið fé íslenskra fyrirtækja erlendis eru tekin úr uppgjöri Seðlabankans á erlendri stöðu þjóðarbúsins (e. *International Investment Position*). Algengast er að þau gögn fái úr upplýsingum um eigið fé á efnahagsreikningum (e. *Own Funds at Book Value*).

Vátryggingaeignir og -skuldir (F.6) eru færð í íslensku fjármálaréikningunum á markaðsvirði. Aðrar viðskiptakröfur og –skuldir (F.7) eru oftast skráðar á nafnvirði eftir eðli gerninganna.

Mat á stofnstærðum er háð takmörkunum þar sem mismunandi reikningsaðferðir á milli geira leiða til þess að bókfært verð sýnir hvorki markaðsvirði né stemmir innbyrðis. Samkvæmt ESA-staðlinum á kostnaður, eins og gjöld og þóknarir, ekki að vera talinn með í virði fjármálagerninga, til að tryggja að bókfært verð sé eins metið í eignum og skuldum. Íslensku reikningarnir eru ekki samstæðureikningar (e. *consolidated*) að hinu opinbera og útlöndum undanskildu.

Afstemming reikninga

Fjármálaréikningarnir eru sýndir miðað við ferli sem nefna má „frá hverjum til hvers“ (e. *from-whom-to-whom*). Aðferðin sýnir tvær hliðar allra efnahagsgeira, það er lánadrottna og skuldunauta. Það auðveldar sundurliðun á eignum og skuldum og á handhöfum og útgefendum. Fjármálaréikningar gefa því góða mynd af innbyrðis sambandi efnahagsgeira.

Fyrsta stig uppgjörsins snýr að uppsetningu efnahagsreikninga sem sýna ítarlega stöðu fjáreigna og fjárskuldbindinga í lok hvers árs fyrir yfir- og undirgeira. Hrein staða fæst þannig í lok hvers tímabils og jafngildir sú staða upphafi næsta tímabils.

Til afstemmingar á reikningunum þarf að vera hægt að bera saman tiltæk gögn við aðra geira sem birta svokölluð mótgögn (e. *counterpart data*). Umtalsverður mismunur getur verið á milli tveggja geira vegna sama gerninga þar sem upplýsingar um fjárhæðir fást bæði frá lánadrottni og skuldunauti. Ýmsar prófanir eru gerðar til

að skýra þann mismun sem til staðar er. Algengast er að ósamræmi sé í skilgreiningum á fjármálagerningum, tímasetningu viðskiptafærslna sem ekki er sú sama og notuð er við reikningsskil, eða að ólíkar matsaðferðir séu notaðar. Jafna þarf út þann mismun og er hver geiri skoðaður í því sambandi. Í fyrstu þarf að meta áreiðanleika gagna eftir uppruna þeirra. Röð geira eftir áreiðanleika niðurstaðna er sýnd hér en hún er notuð þegar lokastaða fjáreigna og -skuldbindinga hagkerfisins er metin.

Uppruni gagna og röðun eftir áreiðanleika

Endanleg niðurstaða er ákveðin með tilliti til geirans sem er talinn sýna betri og nákvæmari gögn. Flest gögn eru fengin frá skuldunautum en þau eru oftast talin betri en gögn lánaðrottna.

Tafla 1. Uppruni gagna og áreiðanleikaröð geira

Table 1. Sector and data source reliability ranking for reconciliation of outstanding stocks of assets and liabilities in the economy

Röð	Geirar	Uppruni gagna
Rank	Sectors and subsectors	Data source
1.	Hið opinbera og undirgeirar þess <i>General government and its subsectors</i>	Ríkisreikningur frá Fjársýslu Ríkisins <i>Annual Government Accounts</i>
2.	Seðlabanki Íslands <i>The Central Bank of Iceland</i>	Efnahagsreikningar <i>Balance sheets</i>
3.	Útlönd <i>Rest of the world</i>	Erlend staða þjóðarbúsins <i>International Investment Position calculated by The Central Bank of Iceland, IIP</i>
4.	Eftirfarandi undirgeirar fjármálafyrirtækja: <i>Financial corporations and the following subsectors:</i> <ul style="list-style-type: none"> – Viðskiptabankar og aðrar innlánsstofnanir <i>Monetary Financial Institutions</i> – Önnur fjármálafyrirtæki <i>Other financial intermediaries</i> – Vátryggingafélög og lífeyrissjóðir <i>Insurance corporations and Pension funds</i> 	Efnahagsreikningar <i>Balance sheets</i>
5.	Fjármálafyrirtæki í slitameðferð og nauðasamningum <i>Financial institutions in winding-up proceedings or of creditors negotiations</i>	Efnahagsreikningar <i>Balance sheets</i>
6.	Fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki <i>Non-financial corporations</i>	Efnahagsreikningar frá Ríkisskattstjóra <i>Balance sheets from Internal Revenue Directorate</i>
7.	Heimili og félagasamtök <i>Households & Non-profit institutions serving households (NPISHs)</i>	Skattframtöl frá Ríkisskattstjóra <i>Annual tax returns from Internal Revenue Directorate</i>

Algengt er að áreiðanleg gögn um eignir séu ekki fánleg frá einstaka geirum. Þetta á sérstaklega við um heimili og fyrirtæki önnur en fjármálafyrirtæki, þar sem gögn úr skattframtölum geta verið ónákvæm. Þegar svo ber við þarf að notast við aðrar forsendur og leifaliðum stofnstærðanna safnað saman í samræmi við reiknings-skilastaðla og eru forsendurnar að hver eign eigi sér sambærilega skuld.

Vandamál við fyrstu útgáfu

Áskoranir og úrlausnir

Við uppbyggingu fjármálareikninga hefur þurft að taka á nokkrum vandamálum sem tengjast gagnasöfnun og aðferðafræði. Nokkur skortur er á gögnum en í

Þessari fyrstu útgáfu fjármálareikninga verða fyrirtæki eins og sérhæfðar einingar (e. *special purpose entities*) og eignarhaldsfélög ekki meðtalin. Vonir standa til að unnt sé að bæta úr því síðar.

Þá hafa ákveðin gögn aðeins verið fáanleg sem heildargögn sem gerir það að verkum að sundurliðun á milli geira og fjármálagerninga er erfið. Til dæmis eru verðbréf fyrirtækja og heimila ein samtala á skattframtölum.⁵ Við gerð fjármálareikninga þarf þessi niðurstaða að vera sundurliðuð niður á geira og í innlend- og erlend verðbréf. Einnig eru verðbréf og lán sett saman í einn flokk (AF.3+AF.4). Þetta stafar að miklu leyti af því að lán og verðbréf stemma ekki innbyrðis þar sem hluti af gerningum hefur verið ranglega skilgreindur. Mikilvægt er að fá þessi gögn til að stemma svo unnt sé að birta tvo sundurliðuða gerninga eins og ESA-staðallinn gerir ráð fyrir.

Erfitt er að draga rétta mynd af íslenska hagkerfinu á árunum 2007–2009 vegna gagnavandamála í kjölfar fjármálahrunsins, en straumhvörf (e. *structural break*) má glögglega sjá í flestum tímaröðunum. Vandasamt hefur verið að meta eignir og skuldir þessa tímabils þar sem ekkert raunverulegt markaðsvirði er til staðar fyrir fjármálagerninga eins og lán og verðbréf. Fall krónunnar og stöðugar sveiflur gjaldmiðilsins hafa einnig í för með sér aukið misræmi í birtum gögnum og gerði mat á eignum í erlendum gjaldmiðlum erfiðara. Þá voru gögn fjármálastofnana minna sundurliðuð fyrr á árum sem hefur gert mótgeiraflokkun fyrri ára vandasamari.

Misræmi hefur verið á milli gagna frá erlendum aðilum (S.2) og fjármálafyrirtækjum (S.12) og hefur hvert einstakt tilfelli verið metið. Í framtíðinni er stefnt að því að gögnin verði að mestu leyti samræmd. Í gögnum frá erlendum aðilum eru erlendar fjáreignir og -skuldbindingar gerðar upp á miðgengi Seðlabankans, en í efnahagsyfirlitum fjármálastofnana er ýmist stuðst við kaup- eða sölugengi sem veldur skekkju, sérstaklega þegar um háar fjárhæðir er að ræða. Ósamræmi kemur fram í gögnum RSK og innlánsstofnana um útlán til fyrirtækja og heimila, sér í lagi árin 2008–2009 en þá höfðu viðskiptabankarnir keypt útlán af gömlu bönkunum og var bókfært virði þeirra lægra en fram kemur í gögnum RSK. Misræmi er einnig í gögnum frá fjármálafyrirtækjum í slitameðferð og fjármálastofnunum en í innsendum efnahagsyfirlitum fjármálafyrirtækja í slituferli koma allar kröfur fram sem gerðar eru í þrotabúin. Eigendur þessara krafna hafa aftur á móti lækkað hluta af kröfunum þar sem ekki er gert ráð fyrir að allt innheimtist.

Reynt hefur verið að samræma gögn Hagstofunnar og Seðlabankans eftir bestu getu. Þrátt fyrir það er örlítill mismunur til staðar milli birtra gagna vegna afstemmingar. Við innleiðingu ESA 2010 þjóðhagsreikningastaðalsins mun Seðlabanki Íslands aðlaga eyðublöð fyrir efnahagsyfirlit fjármálafyrirtækja og verður lögð sérstök áhersla á mótgeiraflokkun fjáreigna og -skuldbindinga. Þetta er mikilvægt skref í að bæta áreiðanleika gagna þannig að unnt sé að innleiða ESA 2010 staðalinn að fullu. Með innleiðingu ESA 2010 verður farið í nákvæmari útreikninga til að sundurgreina viðskiptafærslur, verð- og magnbreytingar og aðrar hagrænar breytingar sem rekja má til ytri aðstæðna.

Framleiðsla og útgáfuferli

Ný gagnasöfnun verður kynnt eins fljótt og auðið er, en gert er ráð fyrir að fyrstu endurbættu fjármálareikningarnir verði tilbúnir árið 2014. Árleg bráðabirgðagögn vegna hagkerfisins í heild verða gefin út með 9 mánaða tímatöf (t+9) og lokagögn

⁵ Sjá heimasíðu Seðlabanka Íslands, 2011: <http://www.seðlabanki.is/lysigogn-/fjarmalareikningar/>

með 15 mánaða tímatöf (t+15). Sending gagna til hlutaðeigandi alþjóðastofnana mun fylgja í kjölfar birtingar hér heima. Fjármálareikningarnir verða aðgengilegir á íslensku og ensku á heimasíðu Hagstofunnar.

English summary

Statistics Iceland publishes the financial stocks data for Iceland for the first time. According to the main results, the total financial assets of all the resident sectors of the Icelandic economy (including non-financial and financial corporations, households and general government) stood at 21,301 billion ISK at the end of 2011. Foreign sector's holdings of Icelandic assets at the same time was 13,692 billion ISK, mostly on account of liabilities of financial corporations in winding up proceedings towards foreigners in the aftermath of the 2008 financial crisis.

